

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 107/1999

frá 24. september 1999

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/1999 frá 28. maí 1999⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/515/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir grunntengingu við samevrópska, stafræna, samþætta þjónustunetið (ISDN) (1. breyting)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/518/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir pakkastillta tengingu við ISDN í gegnum ISDN-frumtengingaraðgang⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/520/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir frumtengingu við samevrópska, stafræna, samþætta þjónustunetið (ISDN) (1. breyting)⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/521/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir pakkastillta tengingu við ISDN um ISDN-grunntengingu⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/515/EB fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/346/EB frá 20. maí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að grunntengingu við samevrópska ISDN-samnetið og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/797/EB um sameiginlega tækniforskrift að grunntengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN). Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/346/EB er hluti af samningnum og ber því að fella hana

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 51, 9.11.2000, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 19.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 22.

brott úr honum, en ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/797/EB var felld niður á EES með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 117/98 frá 18. desember 1998.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/520/EB fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/347/EB um sameiginlega tækniforskrift að frumtengingu við samevrópska ISDN-samnetið og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB um sameiginlega tækniforskrift að frumtengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN). Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/347/EB er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum, en ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB var felld niður á EES með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 117/98 frá 18. desember 1998.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4zh (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/751/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zi. **398 D 0515:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/515/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir grunntengingu við samevrópska, stafræna, samþætta þjónustunetið (ISDN) (1. breyting) (Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 7).“

2. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4zk (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/517/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zl. **398 D 0518:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/518/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir pakkastillta tengingu við ISDN í gegnum ISDN-frumtengingaraðgang (Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 14).“

3. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4zm (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/519/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zn. **398 D 0520:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/520/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir frumtengingu við samevrópska, stafræna, samþætta þjónustunetið (ISDN) (1. breyting) (Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 19).

4zo. **398 D 0521:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/521/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir pakkastillta tengingu við ISDN um ISDN-grunntengingu (Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 22).“

2. gr.

Texti liðar 4ze (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/346/EB) og liðar 4zf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/347/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn falli niður.

3. gr.

Fullgiltur texti ákvörðana framkvæmdastjórnarinnar 98/515/EB, 98/518/EB, 98/520/EB og 98/521/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 24. september 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner